

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál

Haldinn í Valhöll, 24. mars 2021, kl. 17:30

FUNDARGERÐ

EFNISYFIRLIT

FUNDARBOÐ:	2
AUGLÝST DAGSKRÁ:	2
SKÝRSLA STJÓRNAR.....	2
SKÝRSLA GJALDKERA – REIKNINGSSKIL	3
SKÝRSLUR NEFNDA.....	3
TILLÖGUR UM LAGABREYTINGAR:.....	3
KJÖR FORMANNS, STJÓRNAR OG SKOÐUNARMANNA.....	4
TILLAGA UM FÉLAGSGJALD UM FÉLAGSGJALD	4
ÖNNUR MÁL.....	4
SKÝRSLA STJÓRNAR.....	5
RÆÐA JÓNS MAGNÚSSONAR FORMANNS.....	7
RÆÐA ÁSMUNDAR FRÍÐRIKSSONAR ALÞINGISMANNSS	11
ÁVARP SR. GEIRS G WAAGE.....	15
ÁLYKTUN AÐALFUNDAR 2021	18
Lög Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál	19
Ársreikningur Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál	22

FUNDARBOÐ:

Boðað var til fundarins með tölvupósti til skráðra félagsmanna þann 18. mars 2021. Fundurinn átti upphaflega að vera þann 18. mars en var frestað vegna aðalfundar Varðar þann dag.

AUGLÝST DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Skýrslur nefnda
4. Tillögu um lagabreytingar (var upphaflega dagskrárliður nr. 5)
5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna (var upphaflega dagskrárliður nr. 4)
6. Tillaga um félagsgjald komandi árs.
7. Önnur mál

Sérstakur heiðursgestur fundar verður Ásmundur Friðriksson alþingismaður. Allir velkomnir til að starfa með félaginu.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Erlendur Borgþórsson varaformaður og starfandi formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar (sjá viðauka I).

Vegna Covid-19 faraldursins var starfsemi félagsins, sem og annarra félaga, miklar skorður settar. Þrátt fyrir það var starfsemi félagsins með miklum blóma og hélt stjórnin alls 11 stjórnarfundi, sem hafa verið hver öðrum skemmtilegri og nánast sem sögustundir. Félagið varð þess njótandi að fá sem formann félagsins, Styrmir Gunnarsson ritstjóra og reyndist það félaginu mikill happafengur. Því miður gefur Styrmir ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku vegna veikinda en vonandi mun hann koma aftur til starfa í félaginu. Mikil þörf er á sérstöku félagi Sjálfstæðismanna um fullveldismál. Margir sjálfstæðismenn hafa á umliðnum árum verið að nokkru leyti ósáttir við stefnu forystu flokksins og hafa aðhyllst stefnu sem margir Sjálfstæðismenn telja ekki vera í neinu samræmi við hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, stefnu hans og ályktanir Landsfunda.

Markmið félagsins er „að efla samhug Sjálfstæðismanna um fullveldið með því að halda til haga og verja, með fræðslu og upplýsingu, þau grunngildi Sjálfstæðisflokksins um frjálsa og fullvalda þjóð.“

SKÝRSLA GJALDKERA – REIKNINGSSKIL

Birgir Örn Steingrímsson gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga félagsins sem voru samþykktir án athugasemda (*sjá viðauka II*).

SKÝRSLUR NEFNDA

Engar nefndir eru enn starfandi í félaginu

TILLÖGUR UM LAGABREYTINGAR:

Tillaga stjórnar:

„IV.Kafli. Stjórn félagsins og starfsemi

Málefni félagsins annast stjórn, félagsfundir og nefndir, sem þessir aðilar kjósa sér til aðstoðar.

Upphaflega greinin:

„Stjórn félagsins skipa níu aðalmenn, að formanni meðtöldum.“

Breytingartillaga stjórnar:

„Stjórn félagsins skipa þrír aðalmenn, að formanni meðtöldum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, til eins árs í senn. Heimilt er að kjósa allt að einn varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi á sínum fyrsta fundi.“

Tillaga stjórnar um viðbót við greinina:

„Á aðalfundi skal velja framkvæmdastjórn með allt að níu manns, til eins árs í senn. Heimilt er að velja allt að einn varamann í framkvæmdastjórn fyrir hvern valinn fulltrúa.“

Málalyktir:

Á fundinum komu fram tvær breytingartillögur og var tillaga þess efnis að stjórn félagsins skipi **fimm aðalmenn** samþykkt einróma. Önnur tillaga sem gerði ráð fyrir einungis þremur aðalmönnum var felld.

Tillaga stjórnar um níu manna framkvæmdastjórn var samþykkt einróma.

KJÖR FORMANNS, STJÓRNAR OG SKOÐUNARMANNA

Formaður:

Jón Magnússon hrl. var sjálfkjörinn formaður félagsins.

Aðalstjórn:

Birgir Örn Steingrímsson, Jón Kári Jónsson, Júlíus Valsson og Viðar Guðjohnsen jr.

Varamenn aðalstjórnar:

Erlendur Borgþórsson, Jónas Elíasson og Pjetur Stefánsson.

Framkvæmdastjórn:

Ásmundur Friðriksson, Geir Waage, Gísli Ragnarsson, Halldóra Hjaltadóttir, Jón Viðar Þorsteinsson, Ólafur Hannesson og Ragnar Öundurson.

Varamenn framkvæmdastjórnar:

Jóhann Birgisson og Ásgeir Geirsson.

Skoðunarmenn (félagslegir endurskoðendur)

Elinóra Inga Sigurðardóttir (aðalmaður) og Símon Kærnested.

TILLAGA UM FÉLAGSGJALD UM FÉLAGSGJALD

Tillaga stjórnar um **2.500.- kr.** félagsgjald á komandi starfsári var samþykkt einróma.

ÖNNUR MÁL

Tillaga stjórnar þess efnis að gera **Styrmi Gunnarsson** fráfarandi formann að heiðursfélagi var einróma samþykkt.

Fundurinn sendir Styrmi bestu batakveðjur með von um að hann geti sem tekið þátt í störfum félagsins á nýjan leik.

VIÐBÓT I

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ágætu félagar,

Við erum nú á okkar fyrsta aðalfundi frá stofnun félagsins hinn 1. desember 2019.

Til að fara aðeins yfir tilurð félagsins þá vorum við margir sjálfstæðismenn á umliðnum árum að nokkru leyti ósáttir við stefnu forystu flokksins. Stefnu sem við töldum ekki vera í samræmi við hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, stefnu sem okkur oft á tíðum virtist meira í ætt við stefnu andstæðinga flokksins.

Þetta var algengt umræðuefni á meðal flokksmanna og horfðum við á eftir mörgu góðu flokkssystkini hverfa á braut vegna þessa. Þá byrjaði að þróaðst sú hugmynd að stofna félag innan flokksins sem hefði það að markmiði að viðhalda þeirri ímynd og hugmyndafræði sem hafði gert Sjálfstæðisflokkinn að stærsta stjórnmálaafli þjóðarinnar, nánast frá stofnun hans og fram á þessa öld. Þetta er stefna sem byggist á íhaldssemi og frjálslindri alþjóðlega sinnaðri stefnu. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður af tveimur stjórnmálaöflum sem að mörgu leyti höfðu ólíka sýn, en það sem sameinaði þá var baráttan um fullt sjálfstæði þjóðarinnar, sem tókst að lokum árið 1944.

Sjálfstæð þjóð með stefnu Sjálfstæðisflokksins er það sem gerði flokkinn að því afli sem hann varð. Flokkurinn hefur frá upphafi haft forystu um nánast allar framfaririr sem hafa orðið með það að markmiði í byrjun að ná sömu lífskjörum almennings á Íslandi og í Skandinavíu. Það tókst undir handleiðslu og hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins þ.e. að nýta frelsi einstaklingsins til orðs og athafna. Til marks um forystu flokksins í öllum helstu framfaramálum þjóðarinnar, þá var fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorláksson aðalhvatamaður að virkjun Elliðaár til framleiðslu á rafmagni fyrir Reykvíkinga, hann stofnaði Vatnsveitu Reykjavíkur til vatnsöflunar í Heiðmörk en áður höfðu Reykvíkingar fengið mengað vatn úr Vatnsmýrinni sem olli m.a. taugaveiki í Reykjavík, Jón stofnaði Hitaveitu Reykjavíkur og lagði leiðslu frá Reykjum í Mosfellsbæ, eitthvað sem gjörbreytti lífsgæðum almennings í Reykjavík.

Á undanförunum áratug hefur mörgum flokksmönnum, ekki bara í Sjálfstæðisflokknum því þessi umræða fer víst einnig fram í öðrum flokkum, virst sem stór hluti forystu þjóðarinnar hafi misst sjónar á mikilvægi þess að viðhalda sjálfstæðinu. Það virðist sem þjóðinni sé stýrt af embættismönnum sem fara fram, veifandi reglugerðarverkum erlendra þjóða sem sett eru ofar íslenskri löggjöf. Allt er þetta í nafni þess að þá séum við í þjóð á meðal þjóða þegar í reynd við erum þá eingöngu þjóð á meðal ríkja sem sífellt minna orðið á ráðstjórnarríkin sálugu, sem liðu undir lok á níunda áratug síðustu aldar, þá búin að eyðileggja alla innviði þjóða sinna með álíka stjórnarháttum og við viljum aðhyllast í dag. Hvílík alþjóðahygga!

Þessu viljum við breyta og það hefur sameinað okkur í Félagi sjálfstæðismanna um fullveldismál. Við viljum viðhalda þeirri stefnu að vera frjálslendir, alþjóðasinnaðir íhaldsmenn. Við viljum nýta auðlindir þjóðarinnar til að styrkja land og þjóð sem fullvalda sjálfstætt ríki.

Á stofnfundi hinn 1. desember 2019 var ákveðið að félagið skyldi ávallt halda uppi þeim góða sið að halda ár hvert upp á Fullveldisdaginn 1. desember. Þrátt fyrir Covid-19 sem haldið hefur nánast öllu félagsstarfi niðri, þá héldum við upp á daginn með því að senda út hátíðardagskrá í gegnum YouTube.com Fengum við Styrmir Gunnarsson formann félagsins og einnig hátíðargest, sem var Arnar Þór Jónsson héraðsdómari. Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins og sérstaklega framkvæmdastjóri flokksins Þórður Þórarinnsson eiga heiður skilið fyrir veita dyggilega aðstoð að gera þetta mögulegt. Þetta tóks frábærlega vel og vakti mikla ánægju. Til marks um það þá hafa í dag 1.120 manns horft á upptökuna, álíka efni sem er á youtube og líkja má við 1. desember hátíð okkar er yfirleitt með um 40-50 áhorf. Þetta sýnir, að ég held, þann mikla áhuga sem þjóðin hefur á fullveldinu og ekki síður mikilvægi þess fyrir þjóðina að viðhalda sjálfstæði sínu. Sjálfstæði þjóða er ekkert sjálfgefið, það þarf að hlúa vel að því því en sagan segir okkur hversu auðvelt það er að tapa sjálfstæði þjóðar.

Stjórnin hefur haldið 11 stjórnarfundum frá stofnun, stjórnarfundum sem hafa verið hver öðrum skemmtilegri og nánast sem sögustund. Félagið varð þess njótandi að fá sem formann félagsins, Styrmir Gunnarsson ritstjóra og reyndist það félaginu mikill happafengur. Því miður gefur Styrmir ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku vegna veikinda en vonandi mun hann koma aftur til starfa í félaginu.

Stjórn mun leggja það til á þessum aðalfundi að Styrmir Gunnarsson verði gerður að heiðursfélaga í Félagi sjálfstæðismanna um fullveldismál.

Það er mikið og skemmtilegt starf framundan hjá félaginu en það hafa verið skipulagðar margar uppákomur með áhugaverðum gestum sem vegna aðstæðna hefur orðið að fresta. Vonandi sjáum við fram á betri tíð þegar líður fram á árið, þ.e.a.s. ef við tökum upp sjálfstæði í bóluefnakaupum.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur komist að niðurstöðu varðandi aðkomu félagsins að Sjálfstæðisflokki en því miður hefur hún okkur ekki verið birt og því ekki tímabært að ræða hana.

Takk fyrir!

Erlendur Borgþórsson varaformaður FSUF og starfandi formaður

VIÐBÓT II

RÆÐA JÓNS MAGNÚSSONAR FORMANNS

Ræða á aðalfundi Félags Sjálfstæðisfólks um fullveldismál.

Kæru vinir.

Ég þakka það traust sem þið sýnið mér með því að kjósa mig sem formann félagsins. Við sendum öll okkar bestu kveðjur til fráfarandi formanns félagsins, Styrmis Gunnarssonar með ósk um góðan bata og þakkir fyrir það mikla starf, sem hann hefur unnið fyrir félagið. Í ljósi þess var vel við hæfi að gera hann að heiðursfélaga eins og samþykkt var af öllum fundarmönnum hér fyrir á fundinum.

Stofnfundur félagsins var haldinn þ.1.12.2019 á þeim fundi talaði Jón Gunnarsson ritari Sjálfstæðisflokksins um nauðsyn þess að við berum virðingu fyrir skoðunum hvers annars og markmiðið væri að ná sem flestum sem virða grunnstefnu Sjálfstæðisflokksins til að starfa á vettvangi hans.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður flutti líka ræðu á stofnfundinum og sagði m.a. „Skilaboðin mín sem Sjálfstæðismanns hér í dag eru að við hlustum á raddir fólksins í landinu og þá vakna aftur væntingar um fyrri styrk Sjálfstæðisflokksins.“

Formaður félagsins Styrmir Gunnarsson sagði við það tækifæri, að markmiðið væri að skapa sérstakan vettvang til þess að ræða um þau málefni líðandi stundar sem snerta fullveldi þjóðarinnar og halda jafnframt uppi reglubundinni fræðslu ekki síst fyrir ungt fólk um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Athyglisverðar voru líka ræður þeirra Viðars Guðjohnsen jr. og Jónasar Elíassonar á stofnfundinum en þeir gerðu hvor á sinn hátt með skörulegum hætti grein fyrir mikilvægum atriði sem varða sjálfstæðis- og fullveldisbaráttu þjóðarinnar.

Allt frá stofnun félagsins hefur verið leitast við að félagið fengi skipulagsbundinn sess innan Sjálfstæðisflokksins. Því miður hefur það ekki gengið sem skyldi fram að þessu, en í samtali við ritara flokksins Jón Gunnarsson í dag, sagði hann að samþykkt hafi verið að félagið starfi innan vébanda Sjálfstæðisflokksins, sem félag Sjálfstæðisfólks á grundvelli skipulagsreglna flokksins, en geti ekki kosið fulltrúa á Landsfund eða í flokksráð flokksins. Félagið hefur ekki fengið neina formlega tilkynningu um þetta, en þessi atriði mun nýkjörin stjórn taka upp við forystu flokksins við fyrsta tækifæri og leiða þau til lykta.

Barátta þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og fullveldi er löng og þeirri sögu var gerð góð skil á stofnfundi félagsins og ákveðnir þættir hennar hafa verið rifjaðir upp og verið til umræðu á fundum félagsins á liðnu starfsári. Mér finnst samt við hæfi að rifja upp nokkur atriði um sögu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga

Á tímum verslunareinokunarinnar á tímum dansks einvaldskonungs urðu Íslendingar að sæta afarkostum varðandi verslun og viðskipti. Landinu var skipt niður í umdæmi sem iðulega tóku

ekki mið af staðháttum og fólkið hafði ekki frelsi til að versla við þá kaupmenn, sem þeir vildu heldur einungis við þá, sem þeim var heimilað miðað við búsetu. Sagan af Hólmfasti Guðmundssyni hjáleigumanni á Brunnastöðum skýrir vel niðurlægingu Íslendinga á einokunartímanum og orsök eymdarinnar, sem landsmenn neyddust til að búa við. Hólmfastur gerði sig sekan um þann glæp að selja kaupmanninum í Keflavík 3 löngur, 10 ýsur og 2 sundmagabönd árið 1698 í stað þess að eiga þessi viðskipti við kaupmanninn í Hafnarfirði. Vegna þessa var hann kaghýddur við staur af því að hann gat ekki greitt sektina sem hann var dæmdur til að greiða og amtmaðurinn helsti valdsmaður hins danska arfakonungs vildi ekki líta við gömlu bátskrifli sem Hólmfastur átti.

Einokunarverslunin gekk sitt skeið á enda og breyting varð á verslunarhöfum landsmanna til hins betra en það gerðist ekki baráttulaust. Það er nú einu sinni þannig, að ófrelsi einokunar- og einvalds afla verður aldrei lagt niður nema til komi barátta frjálsborins fólks fyrir rétti sínum.

Í baráttuvímu í upphafi 20. aldarinnar voru landsmenn fullir bjartsýni og kröfðust fulls stjórnskipulegs fullveldis. Árið 1907 voru kosnir úr öllum kjördæmum landsins fulltrúar til að mæta á Þingvallafund, sem haldinn var í júní 1907 á þeim fundi sagði Bjarni frá Voggi m.a. í ræðu:

„Það er fyrsta grein laga vorra, að oss öllum skylt að vilja, að Ísland nái aftur fornum frægðarljóma sínum og sjálfstæði og víkja aldrei“ og nokkru síðar:

„En þeir menn, sem berjast með erlendu valdi gegn rétti þessarar þjóðar og þeir sem eigi vilja berjast með þjóðinni – þeir menn skulu gerðir þjóðernislausir vargar í véum.“

Í dag þekkjum við hverjir það eru, sem eru þjóðvinir og vilja berjast á forsendum fullvalda þjóðar og hverjir það eru sem meta fullveldi þjóðarinnar með sama hætti og baunaréttur var metinn forðum þegar frumburðarréttur var seldur í árdaga. Fullvalda þjóð má aldrei falla í þá freistni að selja fullveldisrétt sinn vegna ákveðinna veraldlegra tímabundinna gæða.

Margir halda að baráttu fyrir frelsi og fullveldi geti verið endanlega útkljáð í bráð og lengd á ákveðnum tímapunkti eða vegna ákveðinna atburða. En svo hefur aldrei reynst. Slíkri baráttu lýkur aldrei. Við sem börðumst gegn kommúnismanum á meðan sú böðuls hendi ógnaði sjálfstæði og tilverurétti frjálsra ríkja í Evrópu töldum að við hefðum sigrað þegar jártjaldið féll og Sovétríkin liðuðust í sundur. En svo var ekki. Kommúnistarnir fóru í felur en sækja nú fram með ýmsu móti til að grafa undan vestrænum þjóðfélögum og menningarlegum gildum vestrænna þjóða, frelsi þeirra og fullveldi. Baráttunni fyrir frelsinu lýkur aldrei og baráttu smáþjóðar fyrir að halda fullveldi sínu og sjálfstæði lýkur aldrei.

Í því sambandi er rétt að rifja upp það formaður Sjálfstæðisflokksins Bjarni Benediktsson eldri sagði um þessi mál, þegar flestir meðal þjóðarinnar töldu að hinu endanlega markmiði varðandi frelsi og fullveldi þjóðarinnar væri endanlega náð með samningnum sem tók gildi þ. 1. Desember 1918

Bjarni segir að með vissum hætti megi segja að ánauð þjóðarinnar hafi verið lokið með ofangreindum samningi en hann spyr. „Var fullt stjórnskipulegt frelsi hennar með því fengið“? Var verkefni hinar eiginlegu sjálfstæðisbaráttu þar með úr sögunni? Mundi sá bóndi telja sig að fullu frjálsan, sem að vísu mætti ákveða sjálfum sér og heimafólki sínu reglur til að fara eftir, en

þyrfti þó að leita samþykkis óðalsbónda á fjarlægri jörð til þess til þess að fyrirmælin hefðu nokkra þýðingu? Ef hann mætti ekki hafa skipti við nágranna sína, nema fyrir milligöngu óðalsbóndans eða öllu heldur vinnumanna hans, yrði að hafa einhvern þessara vinnumanna með í förinni, ef hann skryppi í kaupstað, og engin þessara viðskipta hefði lögformlegt gildi nema óðalsbóndinn samþykkti? ----- „og mundi hann telja þann eignarrétt á jörð sinni mikils virði, sem því skilyrði væri háður, að þrjátíu menn mættu hafa af henni öll hin sömu not og sjálfur hann“?

Þessi lýsing Bjarna heitins Benediktssonar eins merkasta stjórnámamanns þjóðarinnar fyrr og síðar á vel heima sem lýsing á því ástandi sem við búum við í dag í sumum samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES samningsins. Því verður að breyta og það kallar á endurskoðun á samningnum.

Margir hafa haft allt á hornum sér gagnvart þessu félagi og talið þau sjónarmið og áherslur sem félagið beiti sér fyrir eigi ekki heima í nútímaþjóðfélagi. Þar er helst vikið að sjónarmiðum sem varðar gæslu hagsmuna lands og lýðs, ættjarðarást sem og vernd íslensks þjóðernis. Fáir hafa andmælt og skilgreint betur hvað um er að ræða en fyrrum biskupinn yfir Íslandi Sigurbjörn Einarsson en hann sagði m.a.í bók sinni Draumar landsins árið 1949.

„Ættjarðarást sem hverjum heilbrigðum manni er í blóð borin, á að leiða til þjóðrækni og þjóðhollustu. Það er manngildiskrafa. Og svo sem á öðrum sviðum gilda hér meira athafnir en orð.“

Einnig:

„Hollur metnaður fyrir hönd þjóðar sinnar niðurlægir enga aðra þjóð, Hann er þvert á móti þjónusta frumlægrar, eðlisgóðrar hvatar við mannkynið. „

Sama hugsun er reifuð af Jóni Sigurðssyni forseta heitnum en hann sagði í ritgerð sinni „Um Alþingi Íslendinga árið 1841.

„Veraldarsagan ber ljóst vitni þess, að hverri þjóð hefur þá vegnað bezt, þegar hún hefur sjálf hugsað um stjórn sína og sem flestir kraftar hafa verið á hræringu.“

Ágæta fundarfólk. Ég lít svo á, að með starfsemi okkar séum við að halda áfram baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir fullu sjálfstæði og fullveldi. Íslenskir stjórnámamenn hafa ætíð háð þá baráttu með rökum frelsisins og heilbrigðrar þjóðerniskenndar. Þannig eigum við líka að fara að. Þess vegna eigum við að setja sér metnaðarfull markmið í starfi félagsins. Við myndum okkar félag á grundvelli sjónarmiða okkar og hugsjóna. Við ömumst ekki við því að aðrir myndi önnur félög sem okkur kunna að vera mótdræg, en viðmiðun okkar er að sækja fram á grundvelli ákveðinna frelsishugmynda, sem við höfum skilgreint með einstaklingsfrelsi og þjóðfrelsi að leiðarljósi í samræmi við grunnhugmyndir Sjálfstæðisflokksins frá stofnun hans.

Höft og bönn vegna Kóvíd faraldursins munu taka enda, en meðan takmarkanir eru þá verður stjórnin að ráða fram úr því með hvaða hætti hún tryggir að félagsstarfsemin sé lifandi. Þær áætlanir sem gerðar voru í tíð fyrri stjórnar um fundi og fræðsluerindi eru góðra gjalda verð og ber að hrinda í framkvæmd, þegar aðstæður leyfa. En fram til þeirrar stundar skulum við undirbúa

okkur sem mest og best og starfa á þeim grunni sem skáldkonan Margrét Jónsdóttir sem orti ljóðið „Ísland er land þitt“, sem sumir segja að ætti að vera þjóðsöngur Íslands, en hún sagði Fylkið ykkur jafnan undir merki þeirra, er vilja vernda og efla íslenskt þjóðerni og íslenska tungu og reynið ávallt að fylgja málstað þeirra sem berjast fyrir því sem er rétt.

Gjör rétt þol ei órétt var vígorðið sem bæði ég og fyrrverandi formaður störfuðum eftir.

Við skulum starfa með þeim hætti.

VIÐBÓT III

RÆÐA ÁSMUNDAR FRÍÐRIKSSONAR ALÞINGISMANNNS

Ræða á aðalfundi Félags Sjálfstæðisfólks um fullveldismál (úrdráttur ritara).

Ásmundur óskaði formanni og nýkjörinni stjórn innilega til hamingju með kjörið. Hann kvaðst vera mjög þakklátur fyrir að fá að mæta á fund FSUS og geta verið hluti af hópnum. Hann hefði gjarnan viljað sjá mun fleiri félaga sína úr þingflokkeum á fundinum til að heiðra samkomuna með nærveru sinni og hlusta á þar sem þar fer fram. Kvaðst sammála flestu því sem kom fram í ræðu Jóns formanns.

Síðan ræddi hann um fullveldishugtakið:

Hvað er fullveldi?

Þegar rætt er um fullveldið, þá velti ég því fyrir mér sem þingmaður hvernig fullveldið snertir okkur í daglegu lífi, einkum í atvinnulífinu á Íslandi? Þá verður manni hugsað til útvegsbóndans. Í dag eru útvegsbændur einungis til á tyllidögum, karlar sem eiga trillur og nokkrar kindur. Nú eru þetta orðnar tvær stórar atvinnugreinar. En hvernig hefur þessum stéttum vegnað? Þeim hefur að öllum líkindum vegnað mjög vel í upphafi í gjöfulu landi sem Ísland er.

Í dag er staðan hjá bóndanum í Örafum sem vill hætta búskap eftir 45 ára þannig að enginn vill taka við af honum vegna þess að búskapurinn stendur ekki undir þeim kjörum sem fólk vill lifa af í dag. Fæðu- og matvælaöryggi tengist óhjákvæmilega afkomu bænda sem er í dag fyrir neðan allar hellur. Það er fullkomin hætt á því að engin nýliðun verður í greininni vegna óviðunandi afkomu og þá hverfur þetta öryggi sem við viljum búa við í fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi. Bóndinn í Örafum sem á 400 ærgildi vill hætta búskap og þarf jafnvel að gefa stofninn af því að enginn vil hefja búskap með skuldum og tekjum sem eru í boði. Gefi bóndinn hjörðina er það gjafagjöfningur sem þarf að borga skatt af. Bóndinn er því í afskaplega erfiðri stöðu við lok lífsstarfsins. Hefði sami maður aftur á móti gerst útvegsmaður og átt skip með 400 tonna kvóta þá fengi hann um 1,6 milljarða í sinn vasa ef hann seldi við starfslok. Þetta er munurinn á ævikjörum bóndans og útvegsmannsins í dag.

Hugsum um það, að þó afkoma bænda sé óaðskiljanlegur hluti af fæðuörygginu í þessu landi þá er innflutningur einnig mikilvægur því olía, sáðvara, fiskiskip vélar og tæki þurfum við að flytja inn. Innflutningur landbúnaðarafurða þarf að taka mið af stöðu á markaði og þeirri staðreynd að Evrópusambandið tollar fisk- og landbúnaðar afurðir frá Íslandi. En við þurfum að hafa vilja til þess að standa með bændum. Þeir keppa við há laun og dýra þjónustu. Þeirra hlutur er oftast fyrir borð borinn.

Í dag er það þannig að íslenskt lambakjöt er 3. dýrasta lambakjöt í Evrópu en íslenskir bændur fá lægst hlutfall af þeim tekjum í sinn vasa af öllum bændum í Evrópu. Það er verkefni okkar að bæta kjör bænda, lækka skattana og álögur á fólkið. Láta okkur líða betur í þessu samfélagi.

Þriðji orkupakki ESB og fullveldið

Fyrir um ári síðan þegar við stofnum þetta félag okkar og við vorum að ræða innleiðingu 3. orkupakka ESB í íslensk lög, þá vorum við að ræða nákvæmlega þetta sama mál.

Verðmætasköpun auðlindanna og hver á að ákveða hvað á að gera við orkuna, sameign okkar? Á að senda hana óbeislaða úr landi og nýta hana til virðisauka erlendis eða nýta til innlendrar verðmætasköpunar og vel borgandi starfa. Þetta var það sem sameinaði okkur, draumur um verðmætar auðlindir í okkar eigu og umsjón.

Fullveldið og sjávarútvegurinn

Fáir í þingflokki Sjálfstæðisflokksins eru nær sjávarútveginum en ég og ég tel mig þekkja vel til greinarinnar og ég hef alla tíð verið talsmaður kvótakerfisins. En ég hef aldrei verið talsmaður vondrar umgengni þeirra og hvernig þeir fara með þau verðmæti sem þeim er trúað fyrir og snerta afkomu annarra. Þar eru ákvarðanir teknar, nánast á hverjum degi hvort fiskurinn sem dregin er úr sjó er unnin í landinu eða fluttur óunnin til útlanda. Ákvörðun um það hvort virðisaukinn af afurðinni verður til í landinu eða hvort hann verður til í útlöndum ætti að vera okkar sameiginlega hagsmunamál. Það er óréttlæti sem ég sætti mig ekki við og Sjálfstæðisflokkurinn þarf að hafa að spyrna við í þeirri umræðu. Sjálfstæðisflokkurinn er meðfylgjandi kvótakerfinu og var eini flokkurinn á Alþingi sem greiddi atkvæði á móti framsali fiskveiðiheimilda sem öll lætin snúast um í dag.

Árið 2019 óskaði ég eftir umræðum í Atvinnuveganefnd að taka á útflutning á ónunnum fiski. Íslendingar flytja út um ca. 40.000 tonn af ónunnum fiski á ári. Verðmætasköpunin og virðisaukinn af því magni verður til í öðrum löndum. 40.000 tonn af fiski er atvinna í hátæknifrystihúsi fyrir um 300-350 manns. Hvaða samfélag þarf ekki á slíkri atvinnustarfsemi að halda? Brim vinnur um 24.000 tonn á ári og skapar atvinnu fyrir 150 manns í frystihúsi félagsins á Granda. Brim skilar gríðarlega góðri afkomu og er til fyrirmyndar í öllu því sem þeir gera. Brim er á hlutabréfamarkaði og þar eru upplýsingar úr rekstrinum sem kallað er á í samfélaginu skilyrði. Upplýsingaskylda fyrirtækja á markaði ætti að leiða til þess að fleiri af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum væru þar inni. Það mundi skapa aukna með auknu aðgengi upplýsinga.

Það er að gerast að stóru fyrirtækin kaupa ársreikninga smærri þjónustufyrirtækjanna. Þau hringja svo og segja: „Reikningurinn í síðasta mánuði var allt of hár hjá þér! Ég var nú bara að skoða afkomutölurnar þínar og ég óska eindregið eftir því að eiga þátt í þessum hagnaði sem þú ert að mynda hjá þessu fyrirtæki. Þú ert að græða mikið og ég vil eiga þátt í því og þið verðið að lækka reikningana til okkar.“ Á sama tíma greiða fyrirtækin eigendum sínum milljarða í arðgreiðslur. Góða afkoma er mikilvæg, líka fyrir þá litlu.

Ég þekki sjálfur til lítils fyrirtækis sem var komið að fótum fram eftir að hafa í 7 ár gefið 40% afslátt af allri sinni vinnu, öll árin, hvern einasta klukkutíma! Þegar maður snýr svo peningnum við og veltir því fyrir sér hvernig útgerðin fór að við skiptingu verðmæta af veiði loðnu sem loksins lét sjá sig eftir tvö mögur ár. Þá er tekin ákvörðun um hvað sjómennirnir fá í hlut. Útgerðin ákveður að 33% af verðmætunum sem þar eru sköpuð verði notað til að borga fyrir fiskinn sem kemur úr sjónum þegar fiskiðnaðurinn almennt býr við að lágmarki um 50 - 70%

hráefniskostnað. Með þessu fá sjómennirnir lægri laun, þeir greiði lægri skatta og hafnarsjóðirnir fá lægri tekjur. Þá lækkar grunnurinn að veiðigjaldinu og svo er kvarta yfir því að það sé allt of hátt. Það ríkir engin sátt um að svona verði áfram staðið að málum. Sterk og stöndug útgerð og vinnsla er mikilvægur efnahagslegur þáttur í landinu en það verður að ríkja sátt um skiptingu verðmætanna og hlutur samfélagsins má ekki vera fyrir borð borinn.

Á síðustu loðnuvertíð sýnist mér framlegðin í frystingunni hafa verið um 50%. Þetta þýðir að hafi loðnuvertíð verið 30 milljarðar þá var rúmur helmingur af því skilgreindur sem framlegð. Hefðu þeir sjálfir þurft að gefa 40% afslátt, eins og ungi maðurinn með fyrirtæki sitt, þá hefðu tekjurnar ekki verið nema 18 milljarðar. Hvernig hefði þá farið fyrir vinnslunni?

Á sama tíma og við flytjum störf til Evrópusambandsins erum við að keppa við markað sem greiðir lægri laun og þar eru stofnstyrkir við uppbyggingu fiskiðnaðarins 80% af kostnaði.

Hvernig eigum við að keppa á þeim markaði um verð á ferskum fiski. Á sama tíma er ESB með tolla á margar tegundir fiskafurða frá Íslandi t.d. flatta löngu, makríl er kallað eftir að afnema tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum. Þegar Ísland varð þátttakandi í viðskiptabanni ESB á Rússland var þess óskað að í staðinn hætti ESB að leggja tolla á íslenskar afurðir. Því var harðlega neitað. Samt eltum við ESB í þessu rugli sem viðskiptabannið er og við töpuðum á því vel borgandi mörkuðum og stórsköðuðum útflutning Íslands á makríl og landbúnaðarafurðum. Einungis einn þingmaður stóð í lappirnar á Alþingi gegn viðskiptabanninu (innskot ritara: lesendur geta giskað á hver það var).

Fullveldið birtist okkur daglega með einhverjum hætti

Við þurfum að líta okkur nær þegar við íhugum fullveldi Íslands. fullveldið birtist í fleiri þáttum en einungis í góðum ræðum og skrifum. Það birtist í afkomu fólksins á hverju degi og þar sé ég fullveldið snerta okkar í hversdeginum.

Ræðum hvernig fæðuöryggi, afkoma bænda, afkoma sjómanna, afkoma sveitarfélaganna hafnanna og í raun allra, tengist í rauninni því fullveldi sem við viljum búa við í sátt sem samfélag.

Við viljum að verðmæti auðlinda landsins verði að virðisauka fyrir fólkið í landinu. Að auðlindirnar skapi hér vel launuð störf og við höldum áfram að þróa atvinnugreinarnar sem með styrk sínum skapa skjól og tækifæri fyrir nýsköpun í landinu. Þess vegna höfum við tekið til umræðu í atvinnuveganefnd þingsins útflutning á ónunnum fiski. Þar eru tækifæri sem við verðum að skoða og þar ættu hagsmunir samfélagsins að ráða í samkeppni við ríkisstyrkta fiskvinnslu í Evrópusambandinu og lág laun. Það er verkefni sem ég vil ræða og finna á lausn með Sjálfstæðisflokknum í forystu.

Staða Sjálfstæðisflokksins;

Það er full ástæða fyrir okkur Sjálfstæðismenn til að eiga þennan góða félagsskap hér til að ræða þessi mál frá mjög mörgum hliðum. Við þurfum að vera ófeimin að standa vörð um afkomu og hagsmuni fólksins í landinu. Ekki sérhagsmuni, heldur hagsmuni samfélagsins alls!

Þegar ég heyrði fyrstu ræðu Jóns Magnúsonar núverandi formanns félagsins fyrir rúmum 40 árum vorum við allir þar. Peyjarnir á bryggjunni í Vestmannaeyjum voru allir í Sjálfstæðisflokknum.

Þeir eru færri í dag sem vinna á bryggjunni og kjósa Sjálfstæðisflokkinn þegar kemur að Alþingiskosningum. Þá er eins og margir treysti sér ekki til að kjósa flokkinn til Alþingis eins og hann er í dag. Ég þori þó að fullyrða það að í mínu kjördæmi kjósa í sveitarstjórnarkosningum um 50% Sjálfstæðisflokkinn í Suðurnesjabæ og austur að Höfn og við sjáum tölur eins og 74% í Rangárþingi Ytra og slíkar tölur hafa einnig sést úti í Vestmannaeyjum en þegar kemur að skoðanakönnunum um Alþingi erum við rétt í rúmum 28% í Suðurneskjördæmi og 24% á landsvísi. Hvað veldur þessum mun? Við þurfum að hugsa vel um það. Ég hef haldið því fram að flokkurinn hafi fjarlægst fólkið, ekki öfugt.

Að lokum

Ég er þakklátur fyrir að fá að vera með ykkur hér í dag. Ég mun taka undir þá rödd sem hér fær að heyrast og kallað er eftir í okkar flokki og úti í samfélaginu eins og við höfum heyrt á opinberri umræðu. Lifandi umræða um fullveldið í hversdeginum er mikilvægt innlegg sem hér er opnaður vettvangur fyrir. Þakka fyrir að fá að hitta ykkur þetta góða og skemmtilega fólk og finna hvað allir eru velkomnir til umræðu um þessi mál.

Ég óska félaginu og ykkur öllum Guðs blessunar

Takk fyrir!

VIÐBÓT IV

ÁVARP SR. GEIRS G WAAGE

„Ég þakka þakka fyrir afbragðsgóðar ræður sem hér voru fluttar og ég þakka fyrir þá krufningu á stjórnlyndinu sem hér var gerð, einkum og sér í lagi stjórnlyndi kerfiskarlanna, sem kom svo skýrt fram í ræðu Ásmundar Friðrikssonar þingmanns hér áðan.

Umgengni manna um lögin

Báðir Jón Magnússon og Ásmundur Friðriksson ræddu hér í dag umgengni manna við lögin, sem skiptir verulega miklu máli, þ.e.a.s. hvernig menn virða þau gildi sem búa að baki lögunum. Í ræðu Ásmundar kom það mjög skýrt fram, að kvótalöggjöfin er ekki til þess ætluð, að hinir fáu sem í aðstöðu til að maka krókinn geri það heldur eru kvótalögin fyrst og fremst sett til að varðveita fiskistofnana, öllum til hagsbóta.

Og það er það sem Sjálfstæðismenn hafa heigst á að gera þ.e. að fylgja þeirri löggjöf eftir þannig, að sjómennirnir, að landverkafólkið, að hafnarstjórnirnar og byggðalögin og sveitarfélögin og landið, í staðgreiðslu njóti útvegsins. Það er eitt af því sem æpir á fólk núna er það hvernig fiskurinn er fluttur óunnin úr landi og unninn erlendis þar sem virðisaukinn verður til eftir mikla hækkun í hafi.

Þessi umræða er í raun um umgengni manna um lögin. Umræðan er ekki um lögin sjálf þau eru ótvíræð heldur á hvern hátt menn leyfa sér að umgangast lögin. Hvernig menn virða þau gildi í reynd sem búa að baki laganna.

Kristnitakan árið 1.000

Það vill nú svo til að atburðurinn sem varð hér á landi árið 1.000, hann er nákvæmlega um þennan kjarna. Þegar kristnin var boðuð í landinu þá fór hún fram með ólögsmætum hætti af aðila sem hafði verið gerður útlægur af landinu og sem var í raun rétttræpur í landinu. Hann var því staddur á landinu með ólögsmætum hætti en eigi að síður ákváðu menn að gefa honum heimild til að flytja mál sitt. Þá kom í ljós að landsmenn skiptust í tvo nokkurn veginn jafn stóra hópa, þ.e. þeir sem vildu halda í heiðnina og hina sem töldu sig vera kristna. Það lá við að menn sögðu sig úr lögum hverjir við aðra. Hvað þýðir það að menn esgja sig úr lögum hverjir við aðra? Það er nánast við borð að gerist í landinu um þessar mundir vegna þess að menn umgangast ekki lögin í ljósi þess hvaða gildi búa að baki laganna. Menn eru komnir út í tómar lagaþrætur og beita ýmiss konar lagatækni. Gáum að því að sá maður sem falið var að leysa úr vandanum sem uppi var á Alþingi árið 1.000, Þorgeir Ljósveitningagoði var sannfærður heiðingi. Tillagan sem hann flutti málinu til lausnar og sem varð að lausn byggði á því að hann mat lögin og skyldur sínar við lögin ofar átrúnaði sjálfs sín. Hann tók því meira mark á skyldum sínum við lög landsins heldur en trúarskoðun sjálfs sín. Markmiðið var að menn hefðu ein lög og einn sið í landinu.

Nú væri freistandi að kryfja og bera saman heiðinn sið og kristinn sið en það var a.m.k. eitt sem þetta átti sameiginlegt árið 1.000 en það var virðing fyrir því sem býr að baki laga og hlutverki laga að vera jafngild öllum og vera sá grundvöllur sem menn standa á í samskiptum hverjir við aðra.

Umræðan í Sjálfstæðisflokknum

Ef við kíkjum inn á við í Sjálfstæðisflokkinn þá er mjög illa komið fyrir þeim flokki að þessu leyti. Það er enginn efi um það hvað okkur er boðað þ.e. hverjar eru grundvallarkennisetningar flokksins og hver hefur verið hugsjón Sjálfstæðismanna frá fyrstu tíð. Sjálfstæðismenn urðu til þegar frjálslyndir og íhaldsmenn sameinuðust um ákveðin gildi sem báðum voru sameiginleg. Og menn höfðu samkomulag um það að öðru leyti að gæta mannasiða í samskiptum hver við aðra. Sjálfstæðisflokkurinn núna bannar alla óþægilega umræðu því „hún tekur svo mikinn tíma“. Í mínu héraði tala þingmenn a.m.k. í klukkutíma, við hinir í mesta lagi. 3 – 5 mín til umræðu og fyrirspurna. Svona hefur þetta verið undanfarin ár. Því hefur engin grundvallar pólitísk umræða farið fram í flokknum, nema hér á þessum vettvangi, hér í þessu félagi Sjálfstæðismanna um fullveldismál. Hér láta menn sér lynda að sitja undir ræðuhöldum, jafnvel þótt framorðið sé.

Afsal fullveldisins Íslands til ESB

Annað mál er sú umræða og það sjónarmið sem undarlegt nokk hefur heyrst í Sjálfstæðisflokknum og utan hans sem er að „fullveldi Íslands verði best varðveitt og aukið með því að bjóða öðrum aðkomu að því.“ Kannist þið við þessa kennisetningu? Ég sem þvergirðingur og tossi á erfitt með að skilja hluti sem eru ofar mínum skilningi og get því ómögulega skilið þessa kennisetningu þ.e. það að ganga í Evrópusambandið og deila fullveldi okkar með því sé til þess að varðveita sem best fullveldi Íslands. Þetta er ofar mínum skilningi. Ég hef þó gert mér grein fyrir því að hagsmunir þeirra sem hafa aðstöðu til að láta þá ganga fyrir hagsmunum annarra þeir snúast yfirleitt fyrst of fremst um auð og aðstöðu til auðsöfnunar áður en þeir fara að snúast um grundvallargildi eins og fullveldi, eins og sjálfstæði, eins og manngildi. Þegar við gengum í EES var því heitið að innan 5 ára yrðu allir tollar niður fallnir af íslenskum sjávarafurðum. Enn í dag eru um 15% tollar á mjög mörgum sjávarafurðum. Ég tek eindregið undir þá skoðun að það var algjört hneyksli að taka þátt í viðskiptabanni ESB á Rússa einkum þegar ESB var ekki reiðubúið að fella niður innflutningstolla á íslenskar sjávarafurðir. Þarna er ég að tala um hagsmunina. Þarna hefði farið betur ef ESB hefði hlustað á okkar kröfur og við fylgt þeim kröfum eftir sem við ekki gerðum.

Höldum grunngildum Sjálfstæðisflokksins í heiðri

Þetta dæmi nefni ég hér vegna þess að það borgar sig aldrei, þegar upp er staðið að láta magann ráða fyrir hjartanu þegar við tölum um grunngildi eins og fullveldi. Það borgar sig aldrei. Það hefnir sín alltaf. Því það kemur ekkert í staðinn fyrir það manngildi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt í grunninn rétt eins og forfeður okkar lögðu virðingu fyrir lögnum og virðingu fyrir því sem býr að baki laganna í grunninn.

Að lokum

Ég held því fram að það vera feitur þræll getur aldrei verið betra heldur en að vera sjálfs sín. Og ég minni ykkur á það sem Ísrael sagði við Móse í eyðimörkinni þegar hann var að leiða þá í áttina að fyrirheitna landinu: „Hví leiddir þú oss frá kjötkötlum Egyptanna út í þessa auðn?“

Og í þessu máli stend ég með Móse í því að frekar vil ég auðnina og all undir Guðs miskunn heldur en að vera feitur þræll hjá Egyptunum.

VIÐBÓT V

ÁLYKTUN AÐALFUNDAR 2021

Ályktun aðalfundar FSUF, 24. mars 2021 Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Félags Sjálfstæðismanna um fullveldismál hvetur allt Sjálfstæðisfólk til að standa vörð um sjálfstæði og fullveldi landsins. Íslendingar þurfa nú sem fyrr að standa þétt saman og byggja upp nútímalegt og þróað samfélag þar sem hver einstaklingur fær notið sinna krafta og hæfileika. Saga okkar er auðug af menningarlegum verðmætum og einkennist af stöðugri baráttu við náttúruöflin en um leið vörnum gegn ásælni erlends valds. Einungis sjálfstætt og fullvalda Ísland getur nýtt til fulls þann kraft og þau auðæfi sem fólgin eru í náttúruauðlindum landsins og þann sköpunarkraft sem býr í okkur öllum. Sá kraftur, ásamt sögu okkar og menningu gerir okkur m.a. kleift að taka með reisn þátt í alþjóðlegri samvinnu. Á sama tíma og alþjóðleg samvinna er nauðsyn og forsenda bættra lífskjara, þá er mikilvægt að fámenn þjóð gæti þess að tapa hvorki gildum sínum né tungu og missi ekki tök á mikilvægustu grunnstoðum og löggjöf samfélagsins.

Íslensk tunga á í vök að verjast og stöðugt fleiri slettur úr ensku taka sér fótfestu í daglegu máli. Leggja verður áherslu á stórauðna íslenskukennslu og gera þá kröfu, að þeir sem starfa í verslunar- og þjónustustörfum hér á landi hafi lágmarksþekkingu í íslensku. Íslensk tunga er grunnur og undirstaða þess ríkulega menningararfs, sem þjóðin býr yfir og forsenda sérstöðu og menningar íslensku þjóðarinnar.

Samningur Íslands og Evrópusambandsins um Evrópska Efnahagssvæðið þarfnast endurskoðunar til að fullveldi landsins verði tryggt í samræmi við stjórnarskrá landsins. Ákvæði um frjálsan flutning vinnuafls til landsins, þarf að skoða með sérstöku tilliti til þess hvað landið er fámennt, sbr fyrirvara við inngöngu okkar í EES. Að fenginni reynslu er nauðsynlegt að endurskoða samninginn, til þess, að við höfum stjórn á landamærunum við aðstæður sem gera inngrip af hálfu stjórnvalda nauðsynleg.

Mikilvægt er, að Ísland lendi ekki í sambærilegum vandamálum og ríki Skandinavíu hafa gert varðandi hælisleitendur. Móta verður heildarstefnu um réttláta og raunsæja stefnu í útlendingamálum, þar sem miðað verði við að hjálpa fólki í neyð helst með aðstoð og uppbyggingu á heimaslóðum þess og leggja áherslu á að fjármunir sem íslenska þjóðin leggur til þessa hjálparstarfs nýtist sem best fyrir sem flesta. Í því sambandi er nauðsynlegt, að þeir sem þurfa mest á hjálp að halda njóti hennar og eigi kost á að fá hana. Í dag eru um 70 milljónir fólks á flótta oft frá ömurlegum aðstæðum og jafnvel bráðum lífsháská. Jafnvel fámennt land eins og Ísland getur rétt virka hjálparhönd og á að gera það, en á eigin forsendum og þeim grundvelli þar sem hjálpin kemur sem flestum til góða.

VIÐBÓT VI

Lög Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál

samþykkt á aðalfundi þ. 24. mars 2021

I. Kafli. – Frjáls þjóð í frjálsu landi

Félagið heitir Félag sjálfstæðismanna um fullveldismál.

Við stofnun Sjálfstæðisflokksins voru sett fram tvö ófrávíkjanleg aðalstefnumál. Fyrsta aðalstefnumálið var „að Ísland taki að fullu öll sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina“ og hitt var „að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Markmið Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál skal vera að efla samhug sjálfstæðismanna um fullveldið með því að halda til haga og verja, með fræðslu og upplýsingu, þau grunngildi Sjálfstæðisflokksins um frjálsa og fullvalda þjóð.

II. Kafli - Félagsaðild

Félagsmaður getur hver sá orðið, sem fylgir aðalstefnumálum Sjálfstæðisflokksins sbr.2.gr.laganna.

Einstaklingur telst fullgildur félagsmaður þegar hann hefur greitt árgjald félagsins.

III. Kafli. Atkvæðisréttur og kjörgengi

Aðeins fullgildir félagsmenn eiga atkvæðisrétt um einstök mál, kosningarétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félagsins.

Fullgildir félagsmenn teljast þeir sem hafa greitt félagsgjöld eigi síðar en 30 dögum fyrir aðalfund.

IV. Kafli. Stjórn félagsins og starfsemi

Málefni félagsins annast stjórn, félagsfundir og nefndir, sem þessir aðilar kjósa sér til aðstoðar.

„Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn, að formanni meðtöldum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, til eins árs í senn. Heimilt er að kjósa allt að einn varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi á sínum fyrsta fundi.“

„Á aðalfundi skal velja framkvæmdastjórn með allt að níu manns, til eins árs í senn. Heimilt er að velja allt að einn varamann í framkvæmdastjórn fyrir hvern valinn fulltrúa.“

Stjórnin heldur fundi eins oft og þurfa þykir. Óski þrír stjórnarmenn eða fleiri eftir fundi og sendi um það skriflega ósk til formanns félagsins, er skylt að halda stjórnarfund.

Aðalfundur hefur æðsta vald um málefni félagsins og geta allir fullgildir félagsmenn setið fundinn.

Aðalfundur skal halda árlega fyrir lok febrúar ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst sjö daga fyrirvara.

Tilkynna skal framboð til stjórnarsetu í félaginu þrem dögum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi skal skipa sérstakan fundarstjóra og fundarritara.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Reikningsskil.

Skýrslur nefnda.

Kjör stjórnar og skoðunarmanna.

Tillögur um lagabreytingar.

Tillaga um félagsgjald komandi árs.

Önnur mál.

Í tengslum við fullveldisdaginn þann 1. desember ár hvert skal félagið standa fyrir hátíðardagskrá sem skal opin öllum.

Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem unnt er og skal stjórn félagsins kappkosta að rækja að öðru leyti hvers konar starfsemi, sem líkleg er til að efla félagið og styrkja málstað þess.

Stjórn félagsins hefur heimild til að velja heiðursfélaga er henni þykir ástæða til og sérstakir verðleikar eru fyrir hendi og skal hún afhenda þeim heiðursskjal, þar sem getið sé starfa þeirra, er þeir hafa innt að hendi í þágu fullveldis Íslands.

V. Kafli. Félagsgjöld o.fl.

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi fyrir eitt ár í senn.

Reikningstímabil félagsins er almanaksárið.

VI. Kafli. Lagabreytingar o.fl.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skal þess getið í fundarboði, að lagabreytingar verði á dagskrá fundarins.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn félagsins eigi seinna en þrem vikum fyrir aðalfund.

Lagabreyting er samþykkt ef $\frac{2}{3}$ þeirra sem atkvæði greiða samþykkja hana, greiði færri en $\frac{2}{3}$ henni atkvæði telst hún felld.

VIÐBÓT VII

0370-13-003993

Ársreikningur Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál

Dagsetning	Upphæð	Staða	Skýring
31.12.2020	0,00	372,00	
31.12.2019	-8,00	372,00	Skattur
31.12.2019	37,00	380,00	Fjámagnstekjur
	-		
13.12.2019	144.030,00	343,00	Árvakur
13.12.2019	40.000,00	144.373,00	
11.12.2019	15.000,00	104.373,00	
02.12.2019	15.000,00	89.373,00	
02.12.2019	-6.090,00	74.373,00	Bónus
29.11.2019	-2.590,00	80.463,00	Bónus
29.11.2019	-3.786,00	83.053,00	Costco
29.11.2019	-25.150,00	86.839,00	Bónus
29.11.2019	15.000,00	111.989,00	
28.11.2019	15.000,00	96.989,00	
28.11.2019	-18.011,00	81.989,00	Árvakur
28.11.2019	15.000,00	100.000,00	
27.11.2019	15.000,00	85.000,00	
27.11.2019	15.000,00	70.000,00	
27.11.2019	15.000,00	55.000,00	
26.11.2019	40.000,00	40.000,00	

Tekjur

Gjöld

Framlög	40.000,00	Árvakur auglýsingar	-162.041,00
	15.000,00	Vegna stofnfundar	-37.616,00
	15.000,00		
	15.000,00		
	15.000,00		
	15.000,00		
	15.000,00		
	15.000,00		
	15.000,00		
	40.000,00		
Vaxtatekjur	37,00	Skattur	-8,00
Samtals	200.037,00	Samtals	-199.665,00
Mismunur	372,00		

Takk fyrir frábæran aðalfund 2021!

Við þennann

Júlíus valsson aðalritari